

Nd. 50. Frumvarp til laga

um hlutarútgerðarfélög.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bjarni Ásgeirsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Markmið hlutarútgerðarfélaga er að reka fiskveiðar á hlutaskiptagrundvelli og annast í sambandi við þær innkaup á vörum, hagnýtingu afla, sölu hans o. fl.

2. gr.

Nú vilja menn stofna hlutarútgerðarfélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 5 menn eða fleiri verða ásáttir um stofnun slíks félags og bindast samtökum um að gerast meðlimir þess, skulu þeir, að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar til félagsstofnunarinnar, setja félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar ríkisstjórnarinnar á þeim.

Breytingar á samþykktum hlutarútgerðarfélags ná því aðeins gildi, að ríkisstjórnin staðfesti þær.

3. gr.

Félagar hlutarútgerðarfélags geta þeir einir orðið, sem ráðast hjá félaginu, á skip þess eða í landi. Með samþykki lögmæts félagsfundar má auk þess taka inn í félagið menn, sem styrkja vilja það með þátttöku sinni, þótt eigi séu þeir ráðnir starfsmenn félagsins.

Óheimilt er að ráða fasta starfsmenn hjá félaginu í landi eða skipverja á skip þess, nema þeir um leið gerist félagar og undirriti yfirlýsingu um, að þeir hlýði lögum félagsins eins og þau eru á hverjum tíma. Undantekningu má þó gera frá þessu að því er snertir ráðningu skipverja í forföllum annara, ef brýn nauðsyn krefur.

Inngangseyrir sé 10 krónur frá hverjum félagsmanni, er renni í varasjóð.

4. gr.

Sérhver meðlimur hlutarútgerðarfélags ber takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, að upphæð 300 krónur.

Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, sem deyr, ber ábyrgð samkvæmt þessari grein á skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en tvö ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema risið hafi mál út af skuld, er stofnuð var á meðan hann var í því, er biði úrskurðar dómstólanna.

5. gr.

Í hlutarútgerðarfélagi skulu skipverjar og aðrir fastir starfsmenn ráðnir gegn ákveðnum hluta af aflu, og skal hlutur vera full greiðsla fyrir vinnu þeirra. Fyrirkomulag hlutaskiptanna skal ákveðið í samþykktum félagsins. Veiðarfæra og heitu-kostnaður, kol, olía og salt greiðist af óskiptum aflu.

6. gr.

Í varasjóð hlutarútgerðarfélags greiðist árlega 1% af óskiptum ársafla. Í vara-sjóð skal greiða árlegan tekjuafgang félagsins, og skulu ársvextir lagðir við höfuð-stólinn. Tekjuhalli, sem verða kann hjá hlutarútgerðarfélagi, greiðist úr varasjóði. Fé varasjóðs má nota sem veltufé í þarfir félagsins.

7. gr.

Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skal vera ákvæði um tryggingarsjóð, er hafi það markmið að tryggja félagsmönnum, sem vinna hjá félaginu, lágmarkstekjur, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem félagið setur. Skal sú reglugerð samþykkt af bæjar- eða sveitarstjórn, þar sem félagið á heima, og staðfest af ríkisstjórninni. Tekjur sjóðsins skulu vera þær, er hér segir:

1. Árlegt gjald, 1% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð aflu upp úr skipi.
2. Árlegt tillag frá hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi, er nemi jafnhárrí upp-hæð og gjald samkvæmt tölulíð 1 verður árlega.

Heimilt er að ákveða, að tillög í sjóðinn skuli vera hærri en að framan greinir, ef þurfa þykir, enda sé það samþykkt af hlutarútgerðarfélaginu og viðkomandi bæj-ar- eða sveitarstjórn.

Tryggingarsjóður skal ávaxtaður í banka eða annari tryggri peningastofnun, og skulu vextir af honum lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

Hlutarútgerðarfélag eða stjórn þess getur ekki ráðstafað innstæðu tryggingar-sjóðs, og óheimilt er að skerða sjóðinn til lúkningar skuldum félagsins, en hætti félagið störfum, skal sjóðurinn ávaxtaður áfram á nafni hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, sem getur notað innstæðu hans til að greiða tillög í tryggingarsjóði ann-ara hlutarútgerðarféлага, sem þar starfa.

8. gr.

Fjárreiðum hvers einstaks skips hlutarútgerðarfélags skal haldið aðgreindum í bóku félagsins.

9. gr.

Félagsfundur hefir æðsta vald í málefnum hlutarútgerðarfélags. Einn aðalfundur skal halda árlega, og aukafundi þegar félagsstjórn telur þess þörf. Ennfremur er félagsstjórn skylt að boða til aukafundar, ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Atkvæðisrétt á félagsfundum hafa allir meðlimir félagsins. Félagsfundir eru lögmætir, ef helmingur félagsmanna er mættur. Sé fundur ekki lögmætur sökum fámennis, skal boða til nýs fundar, og er hann þá lögmætur án tillits til þess, hve margir eru mættir. Á fundum ræður meiri hluti atkvæða úrslitum mála, nema öðru-visi sé ákveðið í samþykktum félaganna. Til funda sé boðað með minnst viku fyrir-vara.

10. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn og endurskoðendur og varamenn þeirra, sem allir séu félagsmenn. Í samþykktum félags skal ákveða tölu stjórnarnefndarmanna og

kjörtíma þeirra. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Stjórnarfundur er lög-
mætur, ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi, og ræður afl atkvæða úrslitum
mála, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Stjórnin fer með málefni fé-
lagsins milli funda, samkvæmt lögum þessum og samþykktum félagsins, og bera
stjórnendur ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er
látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins.

Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum félagsins beri saman við bæk-
ur þess, enda hafa þeir aðgang að öllum bókum og skjölum á hvaða tíma sem er, og
er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við
frankvæmd starfsins. Ennfremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með
starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta, að fé-
laginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin svo fljótt
sem þörf krefur, en takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í félaginu og bera
málið þar upp til úrlausnar. Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

Á aðalfundi skal árlega leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir næstliðið reikn-
ingsár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikn-
ingana, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fara fram, eftir þeim reglum,
sem fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal að nýju boða til fundar, sem
tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

11. gr.

Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skulu ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr
félaginu og tilgreindar ástæður, er heimili brottrekstur félagsmanns.

12. gr.

Hlutarútgerðarfélag, sem er löglega stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum
þessum, og getur það þá fyrst öðlazz réttindi á hendur mönnum með samningi og
aðrir á hendur því. Skrásetningu annast lögreglustjóri, þar sem félagið hefir heim-
ilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og
latur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar. Félag skal tilkynnt til skrá-
setningar innan mánaðar frá stofnun þess. Í tilkynningu skal greina þessi atriði:

1. Heiti félags, heimili og varnarþing.
2. Dagsetning félagssamþykktu.
3. Full nöfn, stöðu og heimili stjórnenda og frankvæmdarstjóra.
4. Hver heimild hafi til að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undir-
skrift sé hagað.
5. Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða
önnur málefni, er þá varða.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins í 2 eintökum og lögboðin gjöld.
Sé um útibú að ræða, skal það einnig tilkynnt. Ef samþykktum félags er breytt, eða
breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefir verið til skrásetningar, skal
tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar.

Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta,
eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda svo
fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu unz úr er bætt. Rétt er tilkynnanda að
bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtinga-
blaðinu á kostnað tilkynnanda.

13. gr.

Hlutarútgerðarfélagi skal slita, ef ályktun um það er samþykkt á 2 lögmetum
félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundar-
manna. Skilanevnd, kosin af félagsfundi, fer með mál félagsins meðan á félagsslitum
stendur. Skilanevnd kemur í stað stjórnar félagsins og hefir samskonar vald, skyld-
ur og ábyrgð. Meðan skilanevnd stjórnar félagi gilda reglur laga þessara um félags-

fundi, reikningsskil og endurskoðun. Félagsslit skal tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu félagsins.

Sömu aðiljar, sem ráða félagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið félagsbúið aftur afhent sér í hendur og haldið áfram starfsemi félagsins að nýju, en þar að lútandi ályktun skal vera samþykkt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um félagsslitin.

14. gr.

Gjöld fyrir störf þau, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð og eru þau, sem hér segir:

- a. Fyrir skrásetningu félags, sem eigi hefir verið skrásett áður, 30 krónur.
- b. Fyrir skrásetningu útibús 20 krónur.
- c. Fyrir skrásetningu breytingar eða viðauka við eldri skrásetningu 15 krónur.
- d. Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum.

15. gr.

Hlutarútgerðarfélag, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin greiðslu tekjuskatts til ríkisins af því fé, sem þau leggja í tryggingar- og varasjóði. Heimilt er bæjar- og sveitarstjórnnum að veita hlutarútgerðarfélagum undanþágu frá greiðslu útsvars til bæjar- og sveitarsjóða.

16. gr.

Hlutarútgerðarfélag, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu vera undir eftirliti ríkisstjórnarinnar, sem getur falið skipaútgerð ríkisins eða fiskveiðasjóði framkvæmd þess.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það má öllum vera ljóst, að þar sem sjávarútvegurinn er annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, er það mjög þýðingarmikið, að þeim atvinnuvegi sé fundið það rekstrarfyrirkomulag, sem bezt hentar. Er þess mikil þörf að finna þann starfsgrundvöll, sem veitir þeim mönnum, sem að útgerðinni vinna, mesta tryggingu fyrir réttlátum starfslaunum, og þeim stofnunum, sem lána fé til sjávarútvegsins, mest fjárhagslegt öryggi.

Sjávarútvegurinn er nú að mestu rekinn af einstökum mönnum, samlagsfélögum fárra einstaklinga eða hlutafélögum. Þó hafa á síðasta áratug verið stofnuð nokkur fiskveiðasamvinnufélög, og í einu bæjarfélagi hefir verið rekin bæjarútgerð. Á togurunum hafa skipverjar að mestu fast kaup, án tillits til afkomu útgerðarinnar, og svo er einnig að nokkru leyti á smærri skipum, en á mörgum mótorbátum og öðrum smærri skipum eru þó skipverjar ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla.

Flest þau fiskveiðasamvinnufélög, sem stofnuð hafa verið á undanfórnum árum, munu hafa orðið til fyrir knýjandi þörf, vegna þess að útgerðarfyrirtæki einstakra manna eða hlutafélaga á viðkomandi stöðum hafa verið lögð niður, venjulega fyrir þá sök, að þau voru komin í þrot fjárhagslega vegna taps á útgerðinni. Stofnun samvinnufélaganna hefir því verið viðleitni til að afstýra neyðarástandi á viðkomandi útgerðarstöðum, og bæjar- og sveitarfélög, ásamt ríkissjóði, hafa í einstöku tilfellum tekið á sig ábyrgðir vegna slíkra fiskveiðasamvinnufélaga. En yfirleitt munu þessi félög ekki hafa verið rekin á hreinum samvinnugrundvelli, þó að nöfn þeirra bendi til þess. Þau munu hafa ráðið starfsmenn að nokkru leyti fyrir fastákveðið kaup, bæði til lengri og skemmri tíma, en aðeins nokkur hluti af starfsliði þeirra fengið breytilegar launagreiðslur eftir rekstrarafkomu félaganna eða með aflahlut. Félagin sjálf hafa því orðið fyrir töpum eins og útgerðarfyrirtæki einstakra manna eða hlutafélaga.

Rekstur bæjarútgerðarinnar hefir að engu leyti verið frábrugðinn einstaklingsrekstri öðru en því, að ábyrgðin á fyrirtækinu hvílir á viðkomandi bæjarfélagi.

Frumvarp það um hlutarútgerðarfélög, sem hér er fram borið, er að efni til mjög svipað frumvarpi til laga um útgerðarsamvinnufélög, sem flutt var á Alþingi fyrir tveim árum af þremur þingmönnum Framsóknarflokksins, þeim Bergi Jónssyni, Gísla Guðmundssyni og Bjarna Ásgeirssyni, en það frumvarp náði ekki samþykki á Alþingi. Ákvæði 7. gr. þessa frumvarps um sjóðstofnun til að tryggja þátttakendum í útgerðinni lágmarkstekjur er þó nýmæli.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er byggður grundvöllur til að reisa á félagsleg samtök um fiskveiðar og aðra starfsemi í sambandi við þær, með almennri þátttöku þeirra, sem að því starfa. Gert er ráð fyrir, að allir, sem að útgerðinni vinna hjá slíkum félögum á sjó og í landi, séu félagsmenn, en þó gert ráð fyrir, að um undantekningu geti verið að ræða að því er snertir ráðningu skipverja um stundarsakir í forföllum annara. Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins er takmörkuð við 300 krónur. Þá er svo ákveðið, að allir fastir starfsmenn félagsins og skipverjar á skipum þess skuli ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla, en ekki fyrir fast kaup. Með þessu er að því stefnt, að allir, sem að útgerðinni vinna á sjó og landi, sjómenn, verkafólk, sem vinnur að verkun aflans í landi, skrifstofumenn, framkvæmdarstjórar og stjórnendur, fái vinnu sína greidda með aflahlut í stað fastra launa. Er þetta því miklu viðtakara hlutaskiptafyrirkomulag heldur en áður hefir tíðkast, þar sem nú munu það eingöngu vera sjómennirnir, sem taka aflahlut fyrir vinnu sína. Verður það að teljast réttast skipulag í útgerðarmálunum, að allir, sem í þeirri atvinnugrein starfa, taki laun eftir því sem aflast, og verður það ekki betur tryggt á annan hátt en þennan. Með þessum hætti verður það hagur þeirra allra hlutfallslega jafnt, þegar vel aflast og verð afurðanna er hátt, og aftur á móti leggjast byrðarnar af aflaleyfi og lágu afurðaverði hlutfallslega jafnt á alla þátttakendur í útgerðinni, en ekki aðeins á nokkurn hluta þeirra, eins og nú tíðkast.

Því hefir verið haldið fram, að eigi myndi unnt að koma við hlutaskiptum að því er snertir þá menn, sem vinna að verkun og hagnýtingu aflans í landi. Þetta mun þó auðvelt, ef vilji er fyrir hendi. Verður að teljast vel hægt fyrir landverkfólk að taka þátt í slíkum félagsskap og taka að sér fiskverkun gegn ákveðnum hluta af aflanum í verkunarlaun, og yrði sá aflahlutur mismunandi stór, eftir því á hvaða verkunarstigi fiskurinn yrði seldur.

Fyrirkomulag hlutaskiptanna á hverri tegund skipa skal ákveðið í samþykktum félaganna. Skal þar ákveðinn hlutur allra skipverja, yfirmanna og háseta og annara starfsmanna, framkvæmdarstjóra og skrifstofufólks. Ennfremur hlutur skipsins og annara eigna, sem notaðar eru við öflun fiskjarins eða hagnýtingu hans.

Í frumvarpinu er ákvæði um stofnun tryggingarsjóðs, í þeim tilgangi að tryggja félagsmönnum lágmarkstekjur. Á síðustu árum hefir það farið í vöxt, að sjómönnum, sem ráðnir eru fyrir aflahlut, hafa verið tryggð lágmarksalaun yfir útgerðartimann, venjulega allmiklu lægri en kaup fastlaunaðra sjómanna. Þó að þessi trygging sé ekki miðuð við hátt kaup, eru þess dæmi, að mjög erfitt hefir orðið fyrir einstaka útvegsmenn að uppfylla þessar kröfur um lágmarkskaup, þegar illa árar, því að þá er af engu að taka hjá útgerðinni. Er þess því mikil þörf að koma þessum tryggingum þannig fyrir, að viðráðanlegt sé fyrir útgerðarfyrirtækin, en þó nokkurt öryggi um afkomuna fyrir sjómennina. Er hér ákveðið, að leggja skuli í tryggingarsjóðinn ákveðið hundradsgjald af verðmæti aflans, miðað við verð hans upp úr skipi, og að bæjar- eða sveitarfélag, þar sem hlutarútgerðarfélagið á heima, skuli leggja jafnháa fjárhæð í sjóðinn á móti tillagi félagsins. Þetta ákvæði er byggt á því, að rekstur útgerðarinnar sé svo þýðingarmikill fyrir viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag, að réttmætt sé að leggja á þau nokkra kvöð til að tryggja þeim mönnum, sem að útgerðinni vinna, lágmarksalaun fyrir unnið erfiði. Má benda á, að vafasamt er, að hér yrði um raunverulega útgjaldaaukningu að ræða fyrir bæjar- eða

sveitarfélögin, þar sem þau yrðu sennilega að veita fé til atvinnubóta eða á annan hátt til stuðnings atvinnulausum mönnum, ef útgerðarstarfsemi félli niður.

Því verður tæplega mótmælt með skynsamlegum rökum, að rétt sé, að þeir, sem vinna framleiðslustörfin, fái stuðning annara, sem hafa betri afkomu, ef einhverjir finnast, þegar illa árar fyrir framleiðsluna. Að þesskonar jöfnun á kjörum manna er stefnt með ákvæði þessa frumvarps um tryggingarsjóði, sem séu að hálfu leyti myndaðir af tillögum annara en þeirra, sem að framleiðslunni starfa. En vegna þessarar greiðsluskyldu bæjar- og sveitarfélaga, er svo fyrir mælt, að bæjar- og sveitarstjórnir skuli samþykkja reglugerðir um lágmarkslaun, sem greiðist úr tryggingarsjóði.

Samþykktir félaganna og reglugerðir um tryggingarsjóði skulu einnig staðfestar af stjórnarráðinu. Allar breytingar, sem gerðar eru á samþykktum og reglugerðum hlutarútgerðarfélaganna, skulu einnig staðfestar af sömu aðiljum til þess að öðlast gildi.

Þegar hlutarútgerðarfélag hættir störfum, skal tryggingarsjóður þess ávaxtaður áfram á nafni viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags, og má eingöngu verja innstæðu hans til greiðslu á tillögum í tryggingarsjóði annara hlutarútgerðarfélaganna á sama stað.

Eitt af því, sem mjög hefir torvelað efnalítum mönnum að koma á fót útgerðarfyrirtækjum, er það, að erfitt hefir reynzt að fá nema lítinn hluta af verði skipanna að láni gegn veði í þeim vegna þeirrar sjóveðshættu, sem á skipunum hvílir samkvæmt gildandi lögum. Með hlutarútgerðarfyrirkomulaginu er sjóveðshættan mjög lítil, og ætti því slíkum félögum að verða miklu auðveldara að fá lán gegn veði í skipum heldur en fyrirtækjum, sem skuldbinda sig til að greiða áhöfninni fast kaup, sem sjóveðsréttur fylgir.

Enn er ótalinn sá kostur við þetta rekstrarfyrirkomulag, að með því er komið í veg fyrir, að reksturinn stöðvist vegna ágreinings milli útgerðarmanna og sjómanna um kaup og kjör, en slíkir árekstrar hafa oft átt sér stað að undanfögnu og valdið þjóðarheildinni miklu fjárhagslegu tjóni.

Í frumvarpinu er loks ákvæði um, að félög, sem stofnuð verða samkvæmt lögnum, skuli undanþegin greiðslu tekjuskatts af varasjóði og tryggingarsjóði og heimilað að undanþiggja þau útsvari. Með lögum frá síðasta Alþingi voru togaraútgerðarfyrirtækjum veitt svipuð hlunnindi um nokkurra ára skeið, og virðist ekki ósanngjarnt, að hlutarútgerðarfélagin njóti einnig þeirra hlunninda.